



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Guðfræði Nick Cave

*Framlag til nútímalegrar umræðu innan guðfræði
með hliðsjón af
rannsóknaraðferðum feminískrar guðfræði*

Ritgerð til BA-prófs

Kristján Ágúst Kjartansson

Maí 2013

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Guðfræði

Guðfræði Nick Cave

*Framlag til nútímalegrar umræðu innan guðfræði
með hliðsjón af
rannsóknaraðferðum feminískrar guðfræði*

Ritgerð til BA-prófs í guðfræði

Kristján Ágúst Kjartansson

Kt.: 150178-5689

Leiðbeinandi: Arnfríður Guðmundsdóttir

Maí 2013

Efnisyfirlit

INNGANGUR	3
ÆVIÁGRIP	4
GUÐFRÆÐILEGT FORSPJALL	8
TÚLKUN ÆVISAGNA	8
HVERSDAGSMENNING SKIPTIR MÁLI.....	9
REYNSLAN	11
GUÐFRÆÐI NICK CAVE	14
FRÁ GAMLA TESTAMENTINU TIL HINS NÝJA	15
GUÐSSKILNINGUR	18
KRISTSSKILNINGUR	20
HAGNÝT KRISTSFÆÐI	21
LOKAORÐ	26
MARKMIÐ NICK CAVE	26
I JUST WANT TO MOVE THE WORLD.....	27
HEIMILDASKRÁ	30

Inngangur

*There's a man who spoke wonders though I've never met him
He said, „He who seeks finds and who knocks will be let in“
I think of you in motion and just how close you are getting
And how every little thing anticipates you
All down my veins my heart-strings call
Are you the one that I've been waiting for?¹*

Í þessari ritgerð mun ég gefa innsýn í guðfræði sem ekki er skrifuð innan akademísku umhverfis, heldur af listamanni sem hefur látið hugmyndir sínar um guðfræði móta verk sín. Listamaðurinn er Nick Cave og er þekktastur fyrir tónlist sína sem spannar þrjá áratugi. Auk tónlistar hefur Nick Cave samið tvær skáldsögur, kvikmyndahandrit, leikrit, smásögur og fyrirlestra um þá guðfræði sem er að finna í höfundarverkum hans. Guðfræðin er fyrst og fremst mótuð af reynslu listamannsins og þeirrar þekkingar sem hann hefur aflað sér með lestri fjölbreyttra bókmennta. Nick Cave er víðlesinn, en af bókmenntum vegur Biblían þar þyngst. Út frá lestri og reynslu mótar hann guðfræðina. Hann telur sig ekki tilheyrja ákveðinni kirkjudeild eða skipulögðum átrúnaði og hafnar því stofnanavaldi sem hann sér í slíkum kirkjum.² Afstaða hans er bæði mótuð af eigin reynslu er hann tók þátt í barna- og kórstarfi innan Anglíkónsku kirkjunnar í Ástralíu og afstöðu hans til þeirrar lögmálshyggju sem hann telur ríkja innan slíkra stofnana. Hann sér lögmálshyggjuna allt frá faríseum Nýja testamentisins til embættisstéttarinnar í dag sem andstæðing þess sem hann kallar sköpunaranda (e. „The Creative Spirit“) og er kjarnaatriði í þeirri guðfræði Cave hann setur fram í verkum sínum.³ Þennan kjarna telur hann megin áherslu í boðskap Jesú Krists í guðspjöllunum.

Kristur kemur til að leiða manninn til frelsis frá fjötrum lögmálsins, reglum samfélagsins sem setja frelsi og persónu hans skorður. Farísearnir eru holdgerving þeirrar tilhneigingar samfélagsins að ramma okkur inn og hafna hverju því sem véfengir eða ógnar viðteknum venjum (e. „the established order of things“). Þetta er megin

¹ (Cave 1997, 153)

² (Sutcliffe 2011, 172)

³ (Cave 1997, 140)

hlutverk Krists í heiminum samkvæmt Nick Cave, að birta okkur þessa fyrirmynd svo við getum orðið Guði lík.⁴

Í ljósi viðburðaríkrar ævi og hvernig hann notar eigin reynslu við framsetningu guðfræðikenninga sinna tel ég réttlætanlegt og nauðsynlegt að gera ævisögu hans stutt skil og í kjölfarið ákveðinni nálgun ævisagna svo við getum gert okkur grein fyrir því úr hvers konar bakgrunni þessi guðfræði sprettur og með hvaða hætti ævisaga hans er grundvallandi í mótun guðfræðinnar.

Æviágrip

Nicholas Edward Cave er fæddur 22. september 1957, í smábænum Warracknabeal í Ástralíu. Hann er sonur Colin Cave enskukennara og Dawn Cave bókasafnsfræðings. Það er óþarfi að færa í stílinn eða ýkja ef ætlunin er að segja mergjaðar sögur af Nick Cave því ævi hans er vægast sagt litrík og full atburða sem ótrúlegt má telja að hann hafi sloppið lifandi frá. Auðvelt er að verða sér úti um ævisögur í bókum, tímaritum og á internetinu þar sem þessi villta hlið ævi hans er í forgrunni. Yfirgripsmesta ritið er bókin *Bad Seed, the biography of Nick Cave* skrifuð af Ian Johnston. Því miður er ekki rými hér til að fjalla ítarlega um einstök atriði og mun ég því fara hratt yfir sögu. Nauðsynlegt er þó að fara yfir nokkra af stærri viðburðum eða tímamótum í þessari ævisögu og gefa hugmynd um hve stormasöm ævi hans hefur verið. Um mikilvægi þess að skoða bakgrunn þess sem setur fram guðfræðilegar kenningar verður fjallað í næsta kafla.

Nick kemur frá reglusömu og heilsteyptu miðstéttarheimili. Hann á þrjú systkini og foreldra sem létu velferð hans sig varða. Foreldrar hans, þá sérstaklega móðir hans reyndu hvað þau gátu til að beina syni sínum af vegi óreglu-, eiturfjaneyslu og hvers kyns vandræðagangi sem setti mark sitt á líf hans í langan tíma. Mörg skipti fóru foreldrar hans út til að leita að syni sínum á götunni, sækja og færa heim til aðhlynningar. Reglulegir fundarstaðir voru yfirgefin hús, vinnusvæði eða brúarskurðir þar sem fíkniefnaneytendur leituðu skjóls áður en meðvitund þeirra þvarr.

Á unglingsárunum fann Nick Cave sér félagsskap meðal artí-pönk hóps, sem mjög var fyrir það að valda hneykslun og usla. Þetta var hópur sem stóð langt fyrir utan meginstrauma samfélagsins og þurfti gjarnan að sæta ýmis konar árása jafnaldra sinna,

⁴ (Cave 1997, 139)

andlegra og líkamlegra, sem svarað var í sömu mynt. Á þessum árum kynnist Nick Cave vinum sem hann með mörgum hverjum starfar enn í dag. Hegðun Nick Cave var strax árið 1971 orðin svo mikið vandamál að hann var sendur á heimavist í nýjum skóla, *Caulfield Grammar School* þar sem hann gekk til liðs við skólahljómsveit sem fékk nafnið *Boys Next Door*. Nick Cave tók að sér sönginn aðallega vegna þess að enginn annar fékkst til þess. Þessi skólahljómsveit var kölluð *The Boys Next Door* sem svo þróaðist síðar yfir í *The Birthday Party*.

The Birthday Party naut nokkurrar velgengni heima fyrir sem og í Evrópu og Bandaríkjunum. Hljómsveitin var eftirsótt á tónleikum ekki síst vegna taumlausrar framkomu og hvers kyns dólgláta hljómsveitarmeðlima. Hljómsveitarmeðlimir komu ekki öðruvísi fram en undir svo miklum áhrifum fíkniefna og ekki síður áfengis að algennt var að einhverjir þeirra gætu ekki staðið í fætuna. Fram kemur í bók Ian Johnston um ævi Nick Cave að eina tónleika þá gat gítarleikari hljómsveitarinnar ekki staðið í fætuna vegna ölvunar en lá þá í staðinn einfaldlega á bakinu, uppi á sviði og spilaði alla tónleikana þannig. Nick hafi venjulega slagað til á sviðinu, kútvelst hrasandi um snúrur og hljóðfæri. Nick átti jafnvel til að missa meðvitund stundarkorn, á meðan hinir hljómsveitarmeðlimirnir veittu því litla athygli og héldu sínu striki. Nick Cave sóttist enn fremur eftir því að ögra áhorfendum sínum sem flestir voru í jafn annarlegu ástandi og hljómsveitin. Slíkt endaði oft með því að Nick Cave reiddi sérstaklega ágengum tónleikagesti vænt högg með hnefa, fæti eða hljónema. Eftirleikurinn varð sá að á augabragði leystust tónleikarnir upp í algjört stjórnleysi og fjöldaslagsmál.

Eftir nokkur ár flosnaði loks *The Birthday Party* upp þegar meðlimir hljómsveitarinnar höfðu gengið verulega nærri heilsu sinni og úthaldi með stormasömum tónleikum og þvælingi um Evrópu og Norður Ameríku við bág kjör. Á þessum tíma hélt hljómsveitin að mestu til í London og síðar í Berlín. Tíminn í London var þeim erfiður og kjör hljómsveitarmeðlima verulega slæm. Í London bjó Nick ásamt Anítu Lane sem hann taldi sitt „muse“ í yfirgefnum húsum og þurfti gjarnan að betla mat af vinum eða vegfarendum á götum úti. Hagur hljómsveitarmeðlima vænkaðist smátt og smátt, en það varð einungis til að gera þeim auðveldara að fjármagna lyfjaneyslu og almennt rugl. Þegar þarna er komið við sögu var Nick Cave hins vegar þá farinn að lesa Gamla Testamentið af miklum móð og nýta sér mikið ýmis stef þaðan í skrifum sínum. Með aukinni velgengni kom aukið álag og brestir í samstarfi og heilsu. Að lokum flosnaði hljómsveitin, *The Birthday Party*, upp og meðlimir héldu til síns

heima í Ástralíu, til að safna kröftum og sleikja sárin. Það var þó stutt stopp, því Mick Harvey sem var nánasti samstarfsmaður Nick Cave lengstan part ferils þeirra fór strax að huga að nýrri hljómsveit. Hann leitar til Nick Cave og varð þá til hljómsveitin *The Bad Seeds*. Hljómsveitin innihélt að mestu sömu meðlimi og sú fyrri en nýja áherslu í tónlist og sviðsframkomu.

Það leið ekki nema ár þar til fyrsta breiðskífa *Nick Cave & The Bad Seeds, From Her to Eternity...* kom út árið 1984. Lífsstíll Nick leitar þó að nokkru í sama farið og félagskapurinn er að mestu sá sami og áður. Nick Cave flytur sig til Berlínar til að taka þátt í listameningunni og sukkinu í Kreutzberg og skrifar þar sína fyrstu skáldsögu *And the Ass saw The Angel*. Nick Cave fluttist um skeið til Sao Paulo með eiginkonu sinni á þeim tíma, Vivinnæ Carneiro og átti með henni son þar. En á sama tíma aðeins nokkrum vikum áður fæddist hans fyrsti sonur í Ástralíu. Ástæða er að minnast á Suður Ameríku tíma Nick Cave, því ljóst er að menning Suður Ameríku hafði áhrif á hann og má sjá beinar tilvísanir til samfélagsaðstæðna þar í nokkrum af textum hans.⁵ Á þeim tíma virðist hann reyna fyrst af alvöru að losa sig við heróínífnina og breyta um lífsstíl. Barátta sem átti eftir að taka hann vel á annan áratug að sigra.⁶⁷⁸

Skilnaður hans við Vivianne var honum mjög sársaukafullur, það má heyra glöggt á einni af hans vinsælustu plötu *The Boatmans Call*, sem er mjög persónuleg. Þar viðrar hann sárskauka sinn yfir glataðri ást og tilfinningarússíðana sem fylgdi stuttu sambandi hans við tónlistarkonuna PJ Harvey. Fimmtán breiðskífum síðar er Nick Cave hættur að nota lyf, áfengi og tóbak. Giftur ofurmódelinu Susie Bick og býr í rólegu hverfi í sumardvalarbænum Brighton ásamt tvíbúrasönnum þeirra.

Nick Cave heldur skrifstofu nærri heimili sínu í Brighton þar sem hann vinnur fullan vinnudag, sex daga vikunnar og skrifar og semur, sama hvað gengur á úti fyrir. Auk tónlistar *The Birthday Party* og *Nick Cave and The Bad Seeds*, hefur Nick Cave einnig gefið út tvær plötur undir nafninu *Grinderman*. Einnig hefur Nick Cave ásamt Warren Ellis samið kvikmyndatónlist fyrir þó nokkrar kvikmyndir. Nick Cave hefur samið tvær skáldsögur, *And the Ass Saw The Angel* og *The Death of Bunny Munroe*. Báðar eru þrungnar trúarstefjum. Sú fyrri fjallar um lítið heittrúarsamfélag, en í þeirri seinni nýtir hann sér bókmenntaform Markúsarguðspjalls til að leiða lesandann í gegnum sögu

⁵ *Wife, Foi na Cruz* og fleiri, sérstaklega á breiðskífunni *The Good Son* 1990.

⁶ Nick Cave hefur svarað spurningum um þetta með óljósum hætti og því erfitt að tímasetja nákvæmlega hvenær neysla hans endar fyrir fullt og allt.

⁷ (Dougary 2011, 104)

⁸ (Powell 2003)

andhetju á vegferð móti örlögum sínum. Enn fremur hafa verið gefnir út tveir fyrirlestrar Nick Cave um trú og skáldskap auk inngangs að Markúsarguðspjalli fyrir Cannongate bókaútgáfunna.

Í gegnum tíðina, sérstaklega á fyrri hluta ferils síns, hefur Nick Cave haft illan bifur á tilraunum annarra til að flokka hann eða verk hans í stefnur eða einhverskonar hólf. Hann hefur gjarnan átt það til í viðtölum, þegar honum þótti sér vera lögð orð í munn, að svara sér þvert um hug og snúa út úr og skjóta blaðamannin í kaf með mælsku og háði. Mörg viðtöl hafa runnið út í sandinn með þeim hætti og valdið spennu milli hans og tónlistarpressunnar. Viðtöl sem heimild þarf því að nálgast af varkárni og með samanburði við endurminningar annarra. En þarna leynast mjög gagnlegar heimildir og skýringar sem nýtast vel til að útvíkka skilning á ákveðinum atriðum. Nokkra athygli vakti þegar hann skriflega afþakkaði verðlaun MTV sjónvarpsstöðarinnar sem vildi veita honum verðlaun sem tónlistarmaður ársins árið 1996. Þetta bréf hefur verið gert opinbert og sýnir að þegar á þessum tíma tekur hann tónlist sína mjög alvarlega og er umhugað hvernig tónlist hans er skilin.

I feel that it's necessary for me to request that my nomination for Best Male Artist be withdrawn and furthermore any awards or nominations for such awards that may arise in later years be presented to those who feel more comfortable with the competitive nature of these award ceremonies. I myself, do not. I have always been of the opinion that my music is unique and individual and exists beyond the realms inhabited by those who would reduce things to mere measuring. I am in competition with no-one. [...] My muse is not a horse and I am in no horse race and if indeed she was, still I would not harness her to this tumbrel - this bloody cart of severed heads and glittering prizes.⁹

Enginn vafi er á hver ræður í *Nick Cave and The Bad Seeds*. Cave hefur ávallt lokaorðið. Reyndin er sú að Nick Cave semur textana og lögin. Hann mætir í hljóðverið með úrval langra ljóða og einfalda melodíu við. Þegar upptökufærið hefst, styttir hann ljóðin smátt og smátt með því að strika út vers þar til æskilegri tímalengd er náð. Á meðan vinnur hljómsveitin útsetningu byggða á þessum grunni. Það sem eftir stendur er samstaða ljóðs og lags sem tjáir kjarnann í verkinu og dregur fram ætlaðar tilfinningar.

⁹ (Cave 1996)

Þetta magn sem framleitt er og lengd ljóðanna fyrir lokaútgáfu þýðir að ljóðin eða textarnir eins og þeir birtast okkur útgefin eiga sér langa tilurðasögu. Það segir okkur að þegar ljóðin eru lesin og okkur finnst við geta lesið á milli línanna, þá á það sér þessa skýringu.

Guðfræðilegt forspjall

Túlkun ævisagna

*Autobiography is the highest form of fiction*¹⁰

Roland Boer prófessor við *University of Newcastle* í Ástralíu hefur rannsakað mikið guðfræði í verkum Nick Cave. Í bók sinni *Nick Cave, a Study of Love, Death & Apocalypse* minnir hann okkur á að vera á varðbergi þegar kemur að því að nota ævisögur sem heimild. Hann heldur því fram að Nick Cave hafi reynt mikið að hafa áhrif á hvernig ævi og persóna hans er túlkuð. Boer gagnrýnir grein Robert Eaglestone sem birt er í greinasafninu *Cultural Seeds: Essays on the work of Nick Cave* og gengur svo langt að kalla Eaglestone barnalegan fyrir það hvernig hann tekur frásögn Nick sjálfs af ævi sinni í fyrirlestrum sínum sem sagnfræðilega áreiðanlega. Af þeim sökum kýs Boer að tileinka sér leið Theodor W. Adorno sem segir í bók sinni *Negative Dialectics* að ályktanir dregnar af verkum lagahöfundar gefi réttari þekkingu á höfundinum en viðtöl, því verkið er raunverulegur verknaður en viðtal sé eftirá skýring höfundarins.¹¹

*Love songs attach temselves to actual experience, which are poeticizing real events, have a beauty unto themselves. [...] they grow up and undergo changes and develop.*¹²

Á móti þessu vil ég halda því fram að það sé fljótfærnisleg og ódýr leið að slá út af bordinu með þessari fullyrðingu hundruði viðtala með því að halda því fram að þau séu

¹⁰ (Boer 2012)

¹¹ (Boer 2012, 4, 120)

¹² (Cave 2007, 18)

gagnslaus. Ég tel að eigin útlekking höfundar á ævisögu sé gríðarlega mikilvæg í guðfræðilegri umræðu, sérstaklega þegar fengist er við hugmyndir á borð við guðsmynd og kristsskilning.

Eigin reynsla, hvernig við upplifum atburði og aðstæður, er það sem mótar hugmyndir okkar. Ennfremur vil ég ekki síður flokka fyrirlestra hans þar sem hann kemur inn á ævisögu sína sem hluta af höfundarverkum hans. Þessi rit eru listræn framsetning ekkert síður en ljóð hans. Markmið fyrirlestranna er ekki sagnfræði. Markmiðið er fyrst og fremst að setja fram guðfræðilegar hugmyndir og setja texta í samhengi við þær hugmyndir.

Við þurfum ekki að efast um að ákveðnir atburðir sem þar er fjallað um hafi átt sér stað með einhverju móti, við höfum einnig orð annarra fyrir því. Nick Cave er hinsvegar einn til þess fallinn að vera til frásagnar um hvernig þeir atburðir hafa mótað hugarheim hans. Við skulum því óhrædd notfæra okkur sýn hans sjálfs á ævisögu sína við túlkun þeirrar guðfræði sem við skoðum hér.

Hversdagsmenning skiptir máli.

Rannsóknir á hversdagsmenningu¹³ (e. popular culture) er tiltölulega nýtt fyrirbrigði innan akademískrar guðfræði, en hefur þó verið að sækja í sig veðrið. Bækur og greinar á þessu sviði eru hinsvegar gjarnan pantaðar af bókaútgáfum í viðleitni til að mæta minnkandi eftirspurnar á útgáfu hefðbundinnar guðfræði.¹⁴ En ef það er haft sem markmið með skrifunum að mæta söluvæntingum útgefanda er hætt við að textinn lendi í vegleysu. Í skrifum sem þessum er auðvelt með gagnrýnni skoðun að sjá í gegnum yfirborðskenndar tilraunir til að vera hip og kúl. Þegar dregnir eru fram stakir punktar í litlu samhengi getur textinn orðið merkingarlaus og leggur lítið sem ekkert af mörkum í guðfræðilegri umræðu.

Hversdagsmenning gegnsýrir alla okkar tilveru í gegnum auglýsingar, útvarp, sjónvarp og listir. Hér er því um að ræða fyrirbæri sem snertir alla, á flestum sviðum tilverunnar. Andleg og trúarleg svið eru þar að engu undanskilin. Eðli hversdagsmenningar er að vera gagnvirk (e. correlative) í mótun. Hversdagsmenning er

¹³ Hugmyndina að þessari þýðingu fékk ég af orðinu hversdagsheimspeki (e. Everyday philosophy) sem heimspekingurinn Róbert Jack hefur notað í rannsóknum sínum. Þessi notkun er tilraun til að lýsa meiri áherslu á menningu fremur en dægrastyttingu sem orðið dægurmenning gæti falið í sér.

¹⁴ (Lynch 2005, 20)

fyrirbærni mótað af samfélagi sem aftur mótast af menningunni og er þannig í sífelldri hringrás. Hvernig við mótum menninguna og mótumst af henni ræðst mikið af bakgrunni okkar og reynslu. Við rannsókn á hversdagsmenningu er því æskilegt að gefa sér tíma til að kafa dýpra í efnið til að geta dregið fram raunveruleg áhrif og vægi þessarar menningar.

Viðbrögð trúarhópa og guðfræðinga við hversdagsmenningu hafa verið með ýmsu móti. Allt frá því að líta á hversdagsmenningu sem hættulega trú og beita því einstefnu gagnrýni á menninguna frá trúarlegu sjónarhorni. Á öndverðum meiði er boðunarleg nálgun, sem leitar tækifæra til að nota hversdagsmenningu sem miðil í boðun trúarafstöðu. Fjórdá leiðin er viðleitni til gagnvirkrar nálgunar þar sem hversdagsmenningu er ekki aðeins ætlað að mótast af trúarhefð heldur einnig gefið færi að upplýsa trúarlega skoðun um leið.¹⁵

Það er þessi síðast nefnda aðferð sem ég vil gefa rými til umfjöllunar hér, þar sem ég mun skoða menningarlegt efni sem er mótandi og miðlandi guðfræðilegra stefja. Efnið er afmarkað við skrif og tónlist listamanns sem hefur gefið trúarstefjum mikið rými í verkum sínum. Mikilvægt er þó að gera grein fyrir því að hversdagsmenning hefur mismikið vægi meðal einstaklinga við mótun heimsmyndar þeirra. Sögulega hefur kristin trú notið forsætis við mótun heimsmyndar en áherslan er víða jafnt og þétt að færast meira yfir á hversdagsmenningu.

Guðfræðingurinn Tom Beaudoin er þeirrar skoðunar að nú þegar sé hversdagsmenning farin í vestrænu samfélagi að þjóna sem megin miðill nýrrar kynslóðar til að skilja tilveru sína. Fleiri guðfræðingar hafa tekið í sama streng og halda því fram að nú sé það orðið ekki aðeins gagnlegt heldur nauðsynlegt guðfræði að taka þátt í (e. engage with) hversdagsmenningu.¹⁶ Gordon Lynch rökstyður þessa afstöðu í bók sinni *Understanding theology and popular culture*. Lynch bendir á að með jákvæðri nálgun geti hversdagsmenning þjónað sem nýr og skapandi skilningur á kristinni trú. Guðfræðingar sem taka sér stöðu með hversdagsmenningu sjá list sem miðil vel til þess fallna að tjá og veita þeirri sköpunargáfu sem Guð gefur okkur útrás.¹⁷

Tom Beaudoin er á þeirri skoðun að klassískri guðfræðihefð hafi mistekist að ná athygli og gera sig skiljanlega kynslóðum sem nú vaxa úr grasi. Í það tómarúm hefur

¹⁵ (Lynch 2005, 21)

¹⁶ (Lynch 2005, 30, 33-35)

¹⁷ (Lynch 2005, 34)

tónlist, kvikmyndir, tölvur og internet fyllt sem staðgengill prestastéttarinnar.¹⁸ Þessi staða hefur ekki aðeins myndast í vestrænu samfélagi, heldur hefur sambærilegt rof átt sér stað víða í heiminum og getið af sér guðfræði sem Beaudoin kallar „þriðja heims guðfræði.“ Þarna er Beaudoin að vísa til frelsunarguðfræði Suður Ameríku (e. Liberation Theology) og guðfræði þeldökkra (e. Black Theology) Norður Ameríku og Afríku. Frelsunarguðfræði er gott dæmi um það hvernig guðfræðingar brugðust við ákveðinni menningu og þjóðfélagsástandi og leiddi það af sér umbreytta guðfræði sem hafði raunverulega merkingu fyrir almenning og mikil áhrif í samfélaginu. Beaudoin heldur því fram að vestræn guðfræði geti endurnýjast með sama hætti í gegnum hversdagsmenningu.¹⁹

Ég vil halda því fram að þessi nálgun sé nú þegar hafin í vestrænu samfélagi með tilkomu feminískrar guðfræði. Feminísk guðfræði verður til sem viðbrögð kvenna við guðfræðilegri hefð sem talar með takmörkuðum hætti inn í samfélagsaðstæður og reynslu kvenna. Feminísk guðfræði miðar að því að endurskoða ráðandi hefðir í samfélagi okkar og beita framsetningu sem svarar þörfum og jafnar réttindi kvenna. Þessi markmið ættu því að vekja áhuga allra þeirra sem vilja bæta núverandi guðfræðihefð til þess að tala inn í aðstæður allra á jafnréttisgrundvelli. En til þess að rannsókn á hversdagsmenningu geti lagt eitthvað af mörkum til þessarar hreyfingar þarf að líta á rannsóknina sem skapandi tækifæri til að gefa eigin reynslu frelsi til að túlka heiminn og Biblíuna í gagnvirku sambandi.²⁰ Lynch leggur til sem vænlegasta til árangurs aðferðafræði sem tengd er við guðfræðingana David Tracy og Don Browning. Sú aðferðafræði er undir miklum áhrifum Paul Tillich en leggur á það aukna áherslu að trúarhefð okkar geti lært af hversdagsmenningu og því kölluð endurskoðuð hliðstæðu aðferð (e. Revised Correlation Method).²¹

Reynslan

*The more theology reflects the specific and particular experience of those who shape it the more credible their theology is to others.*²²

¹⁸ (Lynch 2005, 35)

¹⁹ (Lynch 2005, 35)

²⁰ (Lynch 2005, 40)

²¹ (Lynch 2005, 105)

²² (Arnfríður 2010, 37)

Eitt mikilvægasta skref, að mínu mati, sem tekið hefur verið innan guðfræðinnar síðustu áratugi eigum við feminískri guðfræði að þakka. Feminískir guðfræðingar hafa allt frá því að fyrstu konunnar fóru að reyna að láta rödd sína heyrast glímt við það að þurfa að réttlæta þáttöku sína í fræðagrein sem lengst af hefur verið einokud af körlum.

Það er ekki fyrr en í kjölfar kvenréttindahreyfingarinnar á 19. og 20. öld að konur innan guðfræði öðluðust þann kraft sem þarf til að brjótast út úr þeirri afmörkun viðfangsefna og nálgun sem karlaguðfræðin hafði sett.²³ Það er þessi sameiginlega reynsla kúgunar kvenna (e. „common experience of oppression“)²⁴ sem Arnfríður Guðmundsdóttir bendir á sem grundvallar viðfangsefni í mótun feminískrar guðfræði. Sá helmingur mannkyns sem feminísk guðfræði er málsvari fyrir hefur verið rændur rétti sínum til að spyrja sinna eigin spurninga, út frá eigin reynslu.²⁵

Fljótlega kom upp sú staða þegar feminískir guðfræðingar fóru að móta sínar spurningar með því að leita í eigin reynslu að ólíkar spurningar komu fram. Þeirra reynsla var jafn ólík og bakgrunnur þeirra og menning. Í ljós kom sú hætta að líta á einhverja ákveðna reynslu og ákveðna túlkun sem algilda fyrir reynslu kvenna.²⁶ Þetta er hætta sem hvaða guðfræðingur þarf að varast. Rétt eins og konur sem einn hópur á ekki sömu reynslusögu að segja gildir hið sama um karla. Þrátt fyrir það er samhljómur og gagnkvæmur stuðningur milli feminískrar guðfræði og frelsunarguðfræði suður amerískra guðfræðinga, sem stóðu frammi fyrir gjörólíkri reynslu en starfsbræður þeirra á meginlandi Evrópu. Arnfríður heldur því hins vegar fram, sem ég vil taka undir, að þrátt fyrir mikilvægi þess að hafa þetta í huga megi finna sameiginlegan kjarna. Það sem skiptir mestu máli er „the appeal to women’s experience in feminist theology is particular in its identification of the „lived experience““²⁷. Það er þetta atriði sem ég vil hafa í forgrunni og sýna að hægt sé að yfirfæra yfir á aðra þjóðfélagshópa þegar við skoðum guðfræði Nick Cave.

Nick Cave er ekki jafn gagnrýninn á Biblíuna sem heimild og margir feminískir guðfræðingar eru. Það er kannski að einhverju leyti vegna karlkyns sjónarhorns hans, t.d. það hvað það þýðir að Kristur hafi verið karlmaður er ekki spurning sem brennur á körlum eins og konum. Gagnrýni hans beinist engu síður á hefðina þó reynslan sé ólík.

²³ (Arnfríður 2010, 7)

²⁴ (Arnfríður 2010, 8)

²⁵ (Arnfríður 2010, 9-10)

²⁶ (Arnfríður 2010, 12)

²⁷ (Arnfríður 2010, 12, 19)

Sú gagnrýni er hörð og hefur leitt hann á þann stað líkt og marga aðra feminíska guðfræðinga að finna sig ekki innan hefðbundinna kirkjustofnana.

*Beneath the creeping shadow of the tower
The bell from St. Edmunds informs me of the hour
I turn to find you waiting there for me
In sunlight and I see the way that you breathe
Alive and leaning on the gates of the garden x3*

*Leave these ancient places to the angels
Let the saints attend to their keeping of the cathedrals
And leave the dead beneath the ground so cold
For God is in this hand that I hold
As we open up the gates of the garden
Won't you meet me at the gates
To the garden ²⁸*

Fókus Nick Cave á óháða túlkun Biblíunnar hefur því það markmið að setja fram nýja áherslu í ljósi sameiginlegrar reynslu nútímasamfélags sem glímir við aðrar tilvistarlegar spurningar en þær sem hafa höfðað til guðfræðinga sem starfa innan klassískrar hefðar. Feminískir guðfræðingar hafa lagt áherslu á að brjóta þögn kvenna í Biblíunni og guðfræðilegri hefð. Nick Cave notar eigin reynslu með sama hætti. Reynslu sem er til þess fallin að höfða til hópa sem móta heimssýn sína í gegnum hversdagsmenningu.

Það er mjög gagnlegt fyrir þessa umfjöllun hvernig feminísk guðfræði hefur með sannfærandi hætti sýnt fram á mikilvægi þess að taka til greina ólíka reynslu okkar og gefa okkur málfrelsi til að leita svara við þeim ólíku aðstæðum sem hvert og eitt okkar stendur frammi fyrir. Sú hefð og ritning sem við stöndum með í höndunum í dag er yfirgnæfandi karllæg og valdið því að sumir feminískir guðfræðingar sem kalla sig *post-christian*, eins og Mary Daly, hafa sagt skilið við kristni með þeim orðum að kristin trú sé konum gagnslaus og jafnvel skaðleg af þeim sökum.²⁹ Aðrir feminískir guðfræðingar hafa ekki viljað gefa ritninguna upp á bátinn heldur vinna að því að endurheimta hana

²⁸ (Cave 2007, 334)

²⁹ (Arnfríður 2010, 10, 19)

með nýrri túlkun og nýju tungumáli. Guðfræði Nick Cave á samleið með þeim hópi feminískra guðfræðinga sem beita sér fyrir því að endurheimta boðskap sem á erindi við alla, en nær ekki í gegn vegna stöðnunar í því tungumáli og þeirri túlkun sem hann er settur fram.³⁰

Allt í kringum okkur í samfélaginu sjáum við í vaxandi mæli fólk sem kveður kirkjuna einmitt vegna þess að það finnur ekki með henni nokkra samleið. Mikil bylting hefur orðið á samfélaginu síðustu áratugi. Guðfræðingurinn Tom Beaudoin hefur haldið því fram að eins og nú sé komið þá séu til „heilu kynslóðirnar sem fyrst og fremst hafa í gegnum hversdagsmenningu skilgreint og leitað merkingar í sínu lífi.“³¹ Ef kirkjan talar ekki inn í nýjar aðstæður okkar og mætir fólki ekki þar sem það er statt, er það því alvarlegt mál fyrir kirkjuna og framtíð kristni ef við getum fallist á að það tungumál sem þar er notað sé orðið merkingarlaust ekki aðeins fyrir femíníska guðfræðinga heldur einnig almennt í nútímasamfélagi.

*Because our experience affects our understanding of Christ, [...] it is necessary to reconsider specifically the role that experience plays in our interpretation of Jesus Christ.*³²

Við getum því séð hversu mikilvægt það er að geta verið í samtali við hvort annað. Við þurfum að nota tungumál sem við skiljum, listrænt tungumál, nútíma tungumál grundvallað á raunverulegri reynslu okkar svo boðskapurinn sé trúverðugur.³³ Nick Cave hefur sagt bæði í eigin riti og viðtölum að þetta sé einmitt hans helsta markmið með miðlun guðfræði í ljóðum sínum.

Guðfræði Nick Cave

*Me, I'm a soul-catcher for God. Here I come with my butterfly net of words. Here I caught the chrysalis. Here I blow life into bodies and hurl them fluttering to the stars and the care of God.*³⁴

³⁰ (Arnfríður 2010, 20-21)

³¹ (Lynch 2005, 35)

³² (Arnfríður 2010, 13)

³³ (Arnfríður 2010, 13, 37)

³⁴ (Cave 2007, 15)

Í þessum kafla mun ég beina sjónum mínum fyrst og fremst að ferli Nick Cave þegar *The Birthday party* hljómsveitin hefur verið leyst upp. Þar má merkja greinileg kaflaskil í tónlist hans og framsetningu trúarstefja. Upp frá þessum tíma fara trúartilvísanir hans að verða markvissari. Þessa breyttu áherslu má tímasetja milli árána 1983 og 1984. Sú breyting sem á sér stað er fyrst og fremst hugarfarsleg. Því sá lífstíll sem hann hafði lifað fram að þessu hélt áfram lítt breyttur í nokkurn tíma og sú hljómsveit sem verður til upp úr þessu, *The Bad Seeds*, er að mestu skipuð sömu einstaklingum og sú fyrri. Þennan nýja innblástur sem hér fer að verða vart við má rekja til þess að Nick Cave fer fyrst og fremst að sækja hann í guðspjöll Nýja Testamentisins.

Frá Gamla testamentinu til hins Nýja

*I was sick and disgusted, and my God was in a similar condition. It was hard work loathing everything all the time. [...] I decided it was high time I started reading a different book, so I closed The Old Testament and opened up the New.*³⁵

Þegar Nick Cave var fenginn til að skrifa inngang að Markúsarguðspjalli fyrir Cannongate útgáfuna reifaði hann í stuttu máli fyrstu kynni sín af Biblíunni. Hann segist alltaf hafa trúað á Guð³⁶. Hins vegar hafi sýn hans á Guð í fyrstu einkennst af þeim lífsstíl sem hann þá lifði. Guð Gamla testamentisins talaði sérstaklega vel inn í þær aðstæður. Það er grimmur Guð, sem vílaði ekki fyrir sér að þurrka út heilu þjóðirnar og kvelja sinn vammlausasta þjón, Job og sú mynd hentaði Nick Cave vel.

En eins og hjá mörgum þá breytast aðstæður og þroski og sú guðsmynd sem hann hafði tileinkað sér var lýjandi. Hann hitti anglíkanskan prest sem stakk upp á því að hann hvíldi Gamla testamentið og skoðaði frekar Nýja testamentið. Á þeim tíma þekkti Nick Guð Nýja testamentisins helst af afspurn úr bernsku sinni í Ástralíu. Sá Guð sem þar var hampað af kirkjunni þótti honum linur og máttlaus og minntist þess hve hnoðað og útvatnað málið (e. „the whole affair“) virtist honum. „Anglíkanska kirkjan var koffínlaus kaffið í trúrækni og Jesús var þeirra Drottinn.“³⁷

³⁵ (Cave 1997, 139)

³⁶ (Cave 1998, loc 18)

³⁷ (Cave 1998a, staður 29)

Þessi inngangur sem Nick Cave skrifaði gefur okkur gríðarlega mikla innsýn í þá guðfræði sem Nick Cave setur fram upp úr þessu. Auk þessa hefur hann skrifað tvö önnur handrit þar sem hann útleggur guðfræði sína. Annað þeirra nefnir hann *The Flesh made Word* og var flutt í útvarpsþætti BBC. Síðara handritið *The Secret Life of The Love Song* samdi hann í tengslum við kennslu sína við *Vienna Poetry School* og var flutt sem opinber fyrirlestur á vegum skólans. Þessi fyrirlestur var ári síðar endurfluttur fyrir enn stærri hóp í *Southbank Centre* í London, sem er ein af virtustu listastofnunum Bretlands. Auk þessa höfum við í höndunum vel á þriðja hundruð útgefinna ljóða. Lang flest þeirra hafa upphaflega verið gefin út sem lög á einhverri af breiðskífum hans í gegnum tíðina en síðar á prenti. Slík ljóð þurfa að taka tillit til takmarkana eins og lengd hljóðplatna sem og þolinmæði hlustenda. Upphaflegar útgáfur ljóðanna eru ekki gefnar út eða gerðar opinberar, heldur tilheyra einkasafni höfundar sem ekki er veittur aðgangur að.

Eftir svo langan og afkastamikinn feril vekur það athygli að þó svo að vissulega sé um fjölbreytilegt safn að ræða þá er ein tegund sem ber höfuð og herðar yfir aðrar þegar kemur að fjölda. Það eru ljóð sem Nick Cave kallar „spiritual love songs.“³⁸ Þessi ljóð eru þrungin trega, söknuði og þrá. Leit þess sem talar að „viðfangi ástar sinnar“ (e. „object of his love“). Skil milli persónu og Guðs eru óljós í þessum textum Nick Cave. Textarnir eru orðaðir með þeim hætti að hægt er að lesa þá bæði sem tal til Guðs eða konu. Sum ljóðanna enda illa eða með árangurslausri leit, en þó ekki öll og er nauðsynlegt að skoða ljóðin í samstæðum, hvort sem þær eru afmarkaðar við plötu, tímabil eða safnið í heild. Hvert ljóð tjáir tilfinningar í ákveðnum aðstæðum, en gefur ekki endanlega niðurstöðu. Stundum upplifum við okkur fjarlæg því sem við þráum og aðra stundina finnum við nálægðina.

Við verðum að hafa það ávallt í huga að þetta efni sem hér er fjallað um er efni í listrænni framsetningu en ekki fræðigreinar. Um leið er því tilvitnana lítið gætt né áhrifa gerð skil. Við getum þó séð að áhrif koma víða frá, úr klassískum bókmenntum og ljóðum. Nick Cave hefur sjálfur nefnt W.H. Auden sem mikinn áhrifavald í sínum skrifum.³⁹ Einnig hafa fræðimenn bent á áhrif frá Carl Jung og E. Durkheim.⁴⁰

Skrif Nick Cave á ástarbréfum og ástarljóðum eins og hann talar um í fyrirlestri sínum *The Secret Life of the Love song* er sú leið sem hann hefur fundið sér til að veita

³⁸ (Powell 2003)

³⁹ (Cave 2007, 6)

⁴⁰ (Welberry og Dalziell 2009, 158)

sköpunarkrafti sínum útrás. En afstaða hans er skýr. Leiðirnar eru margvíslegar allt eftir köllun hvers og eins. Hvort sem það er listsköpun, handverk, hug- eða raunvísindi.

Lýsing Cave á upplifun sinni af Nýja testamentinu er nánast eins og fullkomin andstæða þess sem Gamla testamentið veitti honum. Við þessa breytingu í áherslu frá Gamla testamentinu til hins nýja sem hann lýsir í fyrirlestri sínum *The Flesh made word* gerir hann grein fyrir þessum tveimur gjörólíku guðsmyndum sem hann finnur annars vegar í Gamla testamentinu og þeirri mynd sem birtist honum í guðspjöllum Nýja testamentisins.

*The God of the Old Testament seemed a cruel and rancorous God, and I loved the way he would wipe out entire nations at a whim.*⁴¹

*In creating His Son, God the Father had evolved. He had moved on. No longer was God's mercy reserved for elect nations and their kings, no longer were the divine rewards handed down to lords temporal and spiritual.*⁴²

Þegar ljóð hans eru skoðuð má sjá að þessi breyting sem hann sjálfur lýsir á við rök að styðjast og byrjar fljótt að skila sér út í textasmíðina. Strax á breiðskífu sem gefin er út 1985 *The Firstborn Is Dead...* glittir í von og eftirvæntingu sem sárlega vantaði áður.⁴³

Everybody is blind

In God's Hotel.

Everybody is blind.

You'll never see a sign on the front door

*'No red-skins, No Blacks. And that means you, baw!'*⁴⁴

Þessi nýja guðsmynd sem hann byggir á Nýja testamentinu kemur skýrar fram í tónlist hans eftir því sem tíminn líður og er orðin verulega áberandi frá 1998 og varir enn. Á tímabilinu 1998 til 2008 gefur hann út fimm breiðskífur þar sem allt efni er hlaðið berorðum lýsingum á guðsmynd og heimsmynd hans. Þarna kemur fram allur

⁴¹ (Cave 1997, 138)

⁴² (Cave 1997, 140)

⁴³ (Hanson 2005, 57-58)

⁴⁴ (Cave 1993, 184)

skalinn: Lög sem bera yfirbragð lofgjörða- og harmsálma, harða ádeilu, guðfræðilegar yfirlýsingar og jafnvel bænir.

Guðsskilningur

Guð gerir við okkur nýjan sáttmála í Nýja Testamentinu. Þar er Guð að setta heiminn við sjálfan sig, koma á réttu sambandi við manninn. Okkur birtist Guð sem hefur þróast, „god the father had evolved. He had moved on.“⁴⁵ Til að kunngjöra þá sáttargjörð sem Guð vill eiga við mennina sendi hann okkur Krist, holdi klæddan. Kristur dvelur meðal mannanna fyrst og fremst til að til að leiðrétta þær hugmyndir sem rótfastar voru orðnar um Guð. Til þessa færir hann okkur nýtt tungumál. Tungumál sem er á færi okkar allra að tjá og túlka.⁴⁶ Þar með er boðaskapur Guðs ekki lengur aðeins í hendi fárra. „Jesús sagði, hvar sem tveir eða fleiri eru saman komnir, þar er ég mitt á meðal ykkar.“⁴⁷ Um þetta hverfist guðsskilningur Nick Cave, „Því þar sem tveir eða fleiri eru saman komnir þar er samfélag, þar er tungumál og þar er sköpun.“⁴⁸ Guð talar til okkar í sköpunargáfu okkar og öðlast tilveru í þessum heimi með útrás hennar.⁴⁹

Ef við leyfum sköpunargáfu okkar að blómstra, hefja sig til flugs þá lyftir hún okkur með og færir okkur nær guðdómnum. Við getum fundið þennan skapandi anda Guðs í því sem færir okkur innblástur, það sem hreyfir við okkur, hvort sem við erum listamenn, kennarar, smiðir eða hagfræðingar. Það sem skiptir máli er að finna og fylgja köllun okkar. Ekki láta reglur og norm samfélagsins draga úr og kæfa sköpunargleði okkar.

Nick lýsir í fyrirlestri sínum *The Flesh Made Word* minningum um föður sinn. Hvernig hann uppveðraður kynnti son sinn fyrir bókmenntum sem var ævistarf og ástríða hans. „Það var þar sem faðir hans mætti Guði.“⁵⁰ Með þennan guðsskilning nálgast Nick Cave Guð í gegnum skrif sín, líkt og hann sá föður sinn gera í gegnum bókmenntir.

Þegar Nick Cave semur texta finnur hann sig vera í beinum tengslum við sköpunargáfu sína, innblástur og þar af leiðandi Guð. „Þannig fann hann að með notkun

⁴⁵ (Cave 1997, 140)

⁴⁶ (Cave 1997, 140)

⁴⁷ (Cave 1997, 137)

⁴⁸ (Cave 1997, 137)

⁴⁹ (Cave 1997, 137, 142)

⁵⁰ (Cave 1997, 137)

tungumálsins var hann að skrifa Guð til tilvistar. Tungumálið varð teppi sem hann lagði yfir ósýnilega manninn og gerði honum kleift að greina lögum hans og form.⁵¹ Með þessari framsetningu er áherslan lögð á manninn sjálfan að nálgast Guð í stað „Kirkju sem vanrækir mennsku Krists og boðar Guð sem við getum tilbeðið en ekki skilið.“⁵²

Guð starfar og birtist í heiminum í gegnum okkur hvert og eitt og ábyrgðin er lögð á okkur að vera farvegur fyrir hann, því án þessa farvegs í gegnum manninn hefur Guð engan aðgang að heiminum. Eða með orðum Nick Cave „If the world was to suddenly fall silent God would deconstruct and die.“⁵³ Ljóðabrotið hér að neðan er tekið úr laginu *Nature Boy* og leitast við að orða þennan guðsskilning.

*I was just a boy when I sat down
To watch the news on TV
I saw some ordinary slaughter
I saw some routine atrocity
My father said, don't look away
You got to be strong, you got to be bold, now
He said that in the end it is beauty
That is going to save the world, now*

*And she⁵⁴ moves among the sparrows
And she floats upon the breeze
She moves among the flowers
She moves something deep inside of me⁵⁵*

Einn af mestu áhrifavöldum Nick Cave er ljóðskáldið W. H. Auden. En Nick Cave kynnist í gegnum skrif Auden kenningunni um „traumatic experience.“ Hver og einn upplifir í sínu lífi ákveðið áfall, stórt eða lítið sem breytir afstöðu hans og lífið hættir að vera leikur og alvaran tekur við. Nick greinir dauða föður síns sem slíkt atvik. En það breytir engu hvort það atvik hefði átt sér stað eða ekki, spurningin er bara hvenær áfallið

⁵¹ (Cave 2007, 6)

⁵² (Cave 1998, staður 64)

⁵³ (Cave 1998b)

⁵⁴ Nick Cave setur viðfang þrjár sinnar (object of desire) nánast án undantekninga í kvenkyn. En slíka texta skýrir hann svo, „ultimately the Love Song exists to fill, with language, the silence between ourselves and God.“ (Cave 2007, 11)

⁵⁵ (Cave 2007, 395)

skellur á og skilur eftir gat fyrir Guð að fylla. Lífið er sífellt að sparka göt í tilveru okkar, tómarúm þar sem tilfinningar og innblástur okkar fá tækifæri til að finna sér tilgang. Sköpunarkraftar okkar liggja í leyni tilbúnir að stökkva fram og fylla þetta tóm, ef við gefum þeim frelsi til þess.⁵⁶

There will always be suffering

It flows through life like water

I put my hand over hers

Down the lime tree arbour

Through every word that I speak

And everything I know

There is a hand that protects me

And I do love her so⁵⁷

Kristsskilningur

What attracts me to Christ is that he's baffling because he is a divine figure but he's acting very much as a human being and in that regard he is understandable.⁵⁸

Kristfræði er veigamikill þáttur innan akademískrar guðfræði. Hún hefur að geyma tvö þúsund ára glímu guðfræðinnar við að skýra hver Jesús Kristur er og hvert eðli hans er. Tekist hefur verið á um hvernig ólíkir eiginleikar geta rúmast á sama tíma í einum einstaklingi. Hér verður vatnið svolítið gruggugt þegar við skoðum kristskilning Nick Cave. Nick Cave virðist aldrei líta á það sem vandamál að setja fram andstæðar tilfinningar og eiginleika í sömu andrú. Áhrif sem hann dregur beint frá sálmum Saltarans þar sem mörg dæmi er að finna um hvernig andstæðar tilfinningar geta búið innra með okkur þrátt fyrir að tungumál okkar gefi til kynna að slíkt sé ómögulegt. Í stað þess að reyna að sannfæra okkur um annað og halda fast í okkar tilbúnu

⁵⁶ (Cave 2007, 6-7)

⁵⁷ (Cave 2007, 275)

⁵⁸ (Powell 2003)

skilgreiningar kerfi þá sést aftur og aftur í skrifum hans hugmyndaheimur sem tekur í opinn faðm mótsagnarkenndir tilverunnar.

Í fyrirlestri sínum *The Flesh made Word* lýsir Nick Cave Jesú Kristi á eftirfarandi hátt. Í Nýja testamentinu kemur fyrir ný útgáfa af Guði. Sú útgáfa af Guði sem við lesum um í Gamla testamentinu er úrelt. Guð hefur skipt um skoðun og breytt afstöðu sinni til heimsins. Guð sendi okkur Son sinn, orðið klætt holdi, sem nýjan sáttmála til að sætta heiminn við sig og gera okkur réttlát frammi fyrir honum.⁵⁹ Til þess er hlutverk Krists að vera okkur fyrst og fremst kennari. „*Það er andinn sem lífgar, maðurinn án hans megnar ekkert. Orðin sem ég hef talað til yðar, þau eru andi og þau eru líf.*“⁶⁰ Guð engan áhuga lengur á fórnargjöfum, heldur hefur hann sett kærleikann í forgang.⁶¹ Kristur er skapaður af Guði, sonur Guðs Gamla testamentisins og kemur til okkar sem orðið holdi klætt og „í æðum hans rennur blóð föðurins.“⁶² Hinsvergar rétt áður í sama fyrirlestri segir Nick Cave Krist vera mann af holdi og blóði, sem var í svo mikilli snertingu við andann innra með sér (e. „the creative spirit“) að hann varð holdtekning þess anda, Guðs.⁶³ Dæmi sem styðja þessa framsetningu eru sögur þar sem Jesús ráðfærir sig við Guð innra með sér.^{64 65 66} Af þessu dregur Nick Cave þá ályktun að að Guð sé ekki að finna í Kristi heldur í gegnum Krist.⁶⁷ Túlkun sem hægt er að renna stoðum undir með beinni vísun í orð Krists sjálfs „*Því að það sem ég tala kemur ekki frá sjálfum mér heldur hefur faðirinn, sem sendi mig, boðið mér hvað ég skuli segja og hvað ég skuli tala.*“⁶⁸ Með hvaða hætti sá einstaklingur varð til er ekki nánar farið út í, en þegar tekið er tillit til texta Nick Cave í heild verður ljós áhersla hans á fulla mennsku þess einstaklings og þá fyrirmynd sem hann setur okkur.

Hagnýt kristsfræði

You barreled over to me

With a drink in each hand

⁵⁹ (2Kor. 5.19)

⁶⁰ (Jóh. 6.63)

⁶¹ (Cave 1997, 140)

⁶² (Cave 1997, 140)

⁶³ (Cave, King Ink II 1997, 139)

⁶⁴ (Jóh. 8.6)

⁶⁵ (Mrk. 14.36, 15.34)

⁶⁶ (Lúk. 4.1)

⁶⁷ (Cave, King Ink II 1997, 141)

⁶⁸ (Jóh. 12.49)

*I respect your beliefs, girl,
And I consider you a friend,
But I've already been born once,
I don't wanna to be born again.
Your knowledge is impressive
And your argument is good
But I am the resurrection, babe,
And you're standing on my foot!*⁶⁹

Kristur Nick Cave er mennskur, rétt eins og við og guðdómleiki hans er skilinn í ljósi þess guðdómleika sem við sjálf getum með sama hætti öðlast. Fullkomin mennska Krists og verk hans sem slík gera okkur kleift að skilja hann og finna samsömun með honum.⁷⁰ Þessi nálgun Cave sem ég hef farið yfir fellur vel að „*Only Human*“ kristskilningi guðfræðinga eins og Rosemary Radford Ruether og Carter Heyward.

Áherslan þar er á hvað Kristur gerði frekar en hver hann var.⁷¹ Ég mun nota guðfræði Ruether og Heyward til að skerpa línurnar þar sem framsetning Nick Cave er óljós. Með þessu vonast ég til að geta gefið guðfræði Nick Cave aukinn trúverðugleika frá fræðilegu sjónarhorni og um leið sýna að þær kenningar sem fram hafa komið innan feminískrar guðfræði eigi erindi í víðara samhengi. Feminísk guðfræði er ekki aðeins sérhagsmuna guðfræði kvenna, heldur mikilvægt og uppbyggjandi framlag í allri guðfræðilegri umræðu.

Heyward og Ruether hafa verið mótandi í feminískri kristsfræði. Þar er athyglinni beint að hinum sögulega Jesú í stað guðdómleika Krists. Ennfremur að Jesús sé ekki eina leiðin til hjálpræðis og eina opinberun Guðs. Sérstaða Jesú er því ekki einhvers konar eðlismunur á okkur og honum. Heldur það sem hann megnaði sem manneskja, að hafa frelsandi áhrif á okkur í nútíð og fortíð. Ruether leggur á þetta atriði ríka áherslu. Að það mikilvægasta sem Jesús færir okkur sé spámannleg ræða (e. prophetic message) sem vegur að staðnaðri hefð sem stýrt hefur verið af afmörkuðum hópi.⁷²

Nick Cave kallar þann hóp sem haldið hefur fast í óbreytta hefð og bælt niður tilraunir til endurskoðunar, farísea nútímans. Hann setur slík öfl í bein tengsl við þann

⁶⁹ (Cave, King Ink II 1997, 166)

⁷⁰ (Powell 2003)

⁷¹ (Arnfríður 2010, 38)

⁷² (Arnfríður 2010, 37)

hóp sem voru helstu andstæðingar Jesú í hans samtíma. Farísear Nýja testamentisins voru helstu andstæðingar Krists vegna áherslu þeirra á Lögmálið fram yfir Orðið.

Cave heldur því fram að þessa lögmálshyggju faríseanna sé enn að finna innan kristinnar Kirkju í dag. Cave lýsir því þannig að „lögmálshyggjan hafi setið eins og mykjuklessa á þröskuldi Kirkjunnar allar götur síðan.“⁷³

Af þessum sökum hefur Cave ekki talið sig eiga samleið með kirkjustofnunum. En gagnrýni hans beinist eingöngu að þeirri lögmálshyggju sem víða má finna innan slíkra stofnanna. Feminískir *post-christian* guðfræðingar hafa farið sömu leið, að segja skilið við Kirkju (en þó gengið lengra með því að hafna einnig kristinni trú). Ekkert kemur fram í máli Nick sem styður þá ályktun að Kirkja sé slæm í sjálfu sér. Hér má því beita sömu gagnrýni og beitt hefur verið gegn *post-christian* afstöðu, að vænlegri leið sé að beita sér fyrir umbótum frekar en að ganga burt frá vandamálinu.

Ruether heldur því fram að þó svo Jesús hafið þjónað þessu hlutverki sem hæf fyrirmynd fyrir bæði karla og konur þá geri það hann ekki að okkar eina Kristi⁷⁴. Það að vera Kristur er samkvæmt þessum skilningi að meðtaka og bera áfram þann anda sem stuðlar að frjálsu samfélagi samkvæmt boðskap Guðs. Þegar Jesús er kallaður Kristur þá er það vísun til þessa anda sem verkaði í gegnum hann og gerði hann að fulltrúa Guðs. Við getum því verið hvort öðru Kristur, líkt og Jesús, með því að fylgja fordæmi hans og viðhalda og bera áfram það hjálpraedisverk sem hófst með honum. Þetta er í fullum samhljómi við orð Páls í Kólossubréfinu:

*Hann boða ég, áminni og fræði hvern mann með allri speki að ég megi leiða alla fram fullkomna í Kristi. Að þessu strita ég og stríði með þeim mætti sem Kristur lætur kröftuglega verka í mér.*⁷⁵

Þetta eiga Ruether og Nick Cave sameiginlegt sem þungamiðju í kristsfræði sinni. Samband okkar við Guð er þannig samvinna í gegnum Krist. Til þess að við eigum möguleika á að sinna þessu hlutverki fullkomlega jafnt og fyrirmynd okkar Jesús býður okkur, þá er nauðsynlegt að hann sé samur okkur að eðli, að fullu og eingöngu mennskur.⁷⁶

⁷³ (Cave 1997, 140)

⁷⁴ (Arnfríður 2010, 37)

⁷⁵ (Kól. 1.28-29)

⁷⁶ (Arnfríður 2010, 39)

Hér má sjá sama kristsskilning hjá Ruether og Heyward og ég hef reynt gera grein fyrir í guðfræði Nick Cave. Hvort tveggja er lögð rík áhersla á mennsku Jesú og það hlutverk sem hann boðar okkur. Fulla getu okkar til að starfa sem fulltrúar Guðs í heiminum líkt og hann. Þessa áherslu á mennsku Krists þarf að setta við guðdómleika (e. divinity) hans. Athyglisvert er að sjá hvernig Heyward og Cave bæði bregðast með sama hætti við spurningunni um guðdómleika Jesú með því að endurskilgreina það hugtak.

Carter Heyward:

Jesu's „ousia“ should be considered the „essence“ of the human capability „to choose to act with God.“ Consequently, if Jesus is to be understood as divine, divinity can only be understood in functional terms. Whoever chooses to act „with God in the world“ has consequently chosen to act „divinely.“⁷⁷

Nick Cave:

Living is a divine act in some way, and I feel the idea of divinity is something that reflects the good in us and that can be claimed in all sorts of different ways.⁷⁸

Þennan kristsskilning kallar Heyward „Functional Christology“⁷⁹. Kristsfræði sem veitir okkur alla möguleika og alla ábyrgð að láta Guð starfa í heiminum í gegnum rétt samskipti okkar á milli hér og nú.⁸⁰ Án okkar hefur Guð engan aðgang að heiminum.⁸¹ Þar sem áherslan er á að Jesús sé að öllu leyti sama eðlis og við og hlutverk hans sé að vera fyrirmynd okkar til eftirbreytni kallar það á grundvallar breytingu á hefðbundinni túlkun á því sem gerðist við krossdauða Jesú.

Samkvæmt Heyward þá er það ekki Kristur sem deyr á krossinum. Sá sem er krossfestur er maðurinn Jesús. Kristur, eiginleiki hans, er áfram til í þeim sem eftir standa. Það er því ekkert hjálpræðisverk í sjálfu sér fólgið í dauða Jesú. Það sem stendur

⁷⁷ (Arnfríður 2010, 40)

⁷⁸ (Kruger 2011, 128)

⁷⁹ Arnfríður Guðmundsdóttir hefur þýtt þetta hugtak sem „hagnýt kristsfræði“ og mun ég nota það hér eftir.

⁸⁰ (Arnfríður 2010, 41)

⁸¹ (Cave 1997, 142)

eftir þennan atburð er grimmur, ofbeldisfullur dauði manns.⁸² Dauði sem engin ástæða er til að fagna.

Líkt og Heyward þá lítur Nick Cave á píslarsögu og krossdauða Jesú sem ónauðsynlegt ofbeldisverk. Nick Cave gerir ítrekað að umfjöllunarefni sínu þá spennu sem lesa má um milli Jesú og valdhafa þess tíma, faríseanna. Þeir eru hans helstu andstæðingar. Ítrekað gagnrýnir Jesús þá harðlega og á móti reynir sú stétt að kveða hann niður. Það eru hinsvegar ekki aðeins Farísearnir sem bera einir ábyrgðina. Nick Cave bendir á að harla fáir samtímamenn Jesú hafi haft raunverulegan skilning á því sem hann boðaði. Nick Cave nefnir sérstaklega postulana tólf sem hann segir „í gegnum alla sögu guðspjallanna hafa lítinn sem engan skilning á því sem er að gerast í kringum þá.“⁸³ Aftaka Jesú er því framin af mannkyni sem skorti skapandi hugsun til að meðtaka það sem hann boðaði og hræddist upprót á viðteknum venjum samfélagsins (e. „the established order of things“).⁸⁴

His brilliant jewel-like imagination are in turns misunderstood, rebuffed, ignored, mocked and vilified and would eventually be the death of him. Christ it seemed to me, was the victim of humanity's lack of imagination, was hammered to the cross with the nails of creative vapidty.^{85 86}

Heyward og Cave eru því samstíga í túlkun sinni á merkingu krossins. Cave heldur áfram og setur ábyrgðina á tilhneigingu okkar til að hafna því sem knýr okkur til að hugsa út fyrir kassann og stíga út úr þægindaramma okkar. Þann lærdóm getum við dregið af dauða Krists. Krossinn er sterk áminning til okkar að festast ekki í lögmálshyggju heldur leyfa Orðinu að vera okkur innblástur og hefja okkur upp í því sem við tökum okkur fyrir hendur. Þannig gerum við Guð lifandi í okkar lífi.

⁸² (Arnfríður 2010, 40-41)

⁸³ (Cave 1998a, staður 50)

⁸⁴ (Cave 1997, 140)

⁸⁵ Þegar dregin eru saman öll þau tilvik þar sem Nick Cave nefnir Jesús eða Krist þá virðist ljóst að hann noti þessi orð sitt á hvað án sérstakrar reglu til að vísa til sömu persónunnar. Túlkun hans á orðinu Kristur skal því lesast sem titill eða nafnbót sem er lýsandi fyrir eiginleika.

⁸⁶ (Cave 1998a, staðir 48, 69)

Lokaorð

Markmið Nick Cave

Nick Cave endurmat afstöðu sína til heimsins í gegnum guðspjöll Nýja testamentisins og fann Krist kalla sig til eftirfylgni. Nick Cave hóf að lesa Nýja testamentið í leit að nýrri guðsmynd. Þar les hann um Krist, sögu af manni sem höfðar til hans. Kristskilningur hans mótaðist við aðstæður þar sem hann var að leita svara sem höfðuðu til hans á skiljanlegri hátt en svör þau sem hann taldi sig finna í Gamla testamentinu. „Kristur, maður af holdi og blóði sem var í svo mikilli tengingu við innri sköpunarkraft að hann varð holdgervingur þessa krafts, Guðs. Og þar í Kristi var fyrirmyndin og möguleiki okkur gefinn, að við sjálf getum orðið lík Guði.“⁸⁷

„Guð er því ekki að finna í Kristi, heldur í gegnum Krist. Konungsríkið er innra með þér og utan við þig.“⁸⁸

„Guðdómnum verður að gefa frelsi til að flæða gegnum okkur, gegnum samskipti, tungumál, gegnum sköpun.“⁸⁹ Cave á við með þessu að þetta hlutverk, að vera hvort öðru Kristur, er sú leið sem Guð hefur kosið að gera sig sýnilegan í þessum heimi. Við erum dyr Guð inn í þennan heim og án okkar hefur Guð engan aðgang að heiminum. „Ef heimurinn yrði skyndilega þögull myndi Guð missa tilveru sína og deyja.“⁹⁰

Þessi kristskilningur og guðsmynd sem Cave túlkar í Nýja testamentinu varð til þess að hann sér boðskap Guðs í nýju ljósi. Sá boðskapur sem hann telur Gamla testamentið geyma var fyrir honum niður rífandi, en í Nýja testamentinu fann hann uppbyggjandi boðskap. Þessari reynslu og þeirri guðfræði sem hann mótar upp frá þessu vill Nick Cave miðla til heimsins í gegnum verk sín.

Nick Cave lítur á það sem skyldu að tala og skrifa um Guð, breiða út boðskap Krists Nýja testamentisins.^{91 92 93} Hann hefur því gert það að markmiði sínu með textasmíð sinni að að leiðrétta það sem hann kallar útbreiddar ranghugmyndir um guddóminn og færa hlustendum nýja sýn, endurreisa orðspor Guðs.

⁸⁷ (Cave 1997, 139)

⁸⁸ (Cave 1997, 141-142)

⁸⁹ (Cave 1997, 142)

⁹⁰ (Cave 1998b)

⁹¹ (Dougary 2011, 99)

⁹² (Kruger 2011, 137)

⁹³ (Hoskyns 2011, 152)

I feel that it's important to mention God in my songs, and to put forward my notion of what that is, because I'm sickened by what is being done in the name of God these days - That the concept of God has been hijacked by bullies and bigots ... and psychopaths. And part of this is because they don't have a questioning view of God. It's narrow, it's locked-in, its right - to them. Christ talked of these people at his most vehement, and he called them hypocrites and blasphemers. And I know it's unfashionable to bring up the name of Jesus Christ, but I feel duty-bound to do it. Because in my business God has a very, very bad reputation. He needs to get a new spin doctor ... and I'm the man for the job.^{94 95}

I just want to move the world⁹⁶

Ég hef skoðað þá guðfræði sem Nick Cave setur fram í fyrirlestrum sínum og skrifum og hvernig sú guðfræði birtist í textum hans. Guðfræði sem er mótuð utan fræðasamfélags.

Við höfum séð að það er samhljómur með þessari guðfræði innan fræðasamfélags og beint sjónum okkar sérstaklega að sameiginlegum þáttum innan feminískrar guðfræði. Guðfræði Nick Cave er því hægt að styðja með sannfærandi hætti með tilvísunum í guðfræðikenningar Rosemary Radford Ruether, Carter Heyward og fleiri feminískra guðfræðinga. Við höfum séð að margt er líkt í guðfræði Nick Cave og þeirra. Í báðum tilfellum er mótmælt ákveðinni ríkjandi hefð. Aðferðafræðin verður lík, en myndlíkingarnar mótast hins vegar af höfundi. Myndlíkingarnar og orðfærið á þó það sameiginlegt að vera óhefðbundið, róttækt og hugsanlega stuðandi í augum sumra. En það er einmitt ætlunin. „The most effective metaphors usually startle, shock or surprise.“⁹⁷

Ég tel að hjá Nick Cave sé að finna guðfræði sem getur verið mikilvægt innlegg í guðfræðilega umræðu. Guðfræði hans er ekki hafin yfir gagnrýni frekar en annarra. En nauðsynlegt er þó að hafa í huga þegar kemur að gagnrýni er að Cave vinnur ekki innan

⁹⁴ (Hoskyns 2011, 152)

⁹⁵ (Dougary 2011, 99)

⁹⁶ (Cave 2007, 392)

⁹⁷ (Japinga 1999, 64)

fræðasamfélags og því ekki hægt að gera kröfu um samskonar vinnubrögð og ætlast er til í akademísku umhverfi.

Skortur á viðbrögðum við auknum áhrifum hversdagsmenningar felur í sér þá hættu að rof geti myndast milli guðfræði og samfélags. En það að takast á við og vinna með hversdagsmenningu felur í sér mörg tækifæri fyrir guðfræðinga að tala með viðeigandi hætti inn í nútímasamfélag. Mest gagn má þó hafa ef það samband er gagnvirk og hversdagsmenningu einnig gefið frelsi til að upplýsa guðfræði. Það sem hversdagsmenning getur lagt af mörkum í guðfræði er bæði hvaða spurningar samfélagið er að glíma við og hvaða hugmyndir um guðfræði eru nú þegar fyrir hendi.

Ég vonast því til að hafa tekist með einhverjum hætti að kynna lesandanum þá guðfræði sem liggur að baki tónlistar Nick Cave. Að þarna sé guðfræði sem megi taka alvarlega og nýtist vel við nálgun hversdagsmenningar.

Ég tel að ýmsar þær kenningar sem hér koma fram geti höfðað til og veitt innlegg í guðfræðilegar vangaveltur nútímasamfélags með ábyrgum hætti. En hvort sem við gerum guðfræði Cave, Ruether eða Heyward að okkar eða ekki, þá vil ég undirstrika mikilvægi þess að við tileinkum okkur aðferðafræði þeirra. Notum nýjar myndlíkingar, tungumál og erum skapandi í framsetningu. Þó svo framsetningin geti verið einhverjum stuðandi.

„Writing about music is like dancing about architecture.“ Það er óljóst hver upphaflega setti fram þessa setningu, en margir tónlistarmenn hafa gert þessi orð að sínum þegar þeir eru beðnir að gera grein fyrir list sinni. Í tónlist er margt sagt án orða. Hughrif okkar mótast bæða af eyrum og augum. Því eftir meira en 30 blaðsíðna skrif og rýni í texta þá vil ég nú að lokum hvetja lesandann til að gefa sér tíma til að snúa sér að öðrum miðli og hlusta um stund á umfjöllunarefnið með þeim hætti sem kveikti neistann að þessum skrifum.

In his boat and through the dark he rowed

Chained to oar and the night and the wind that blowed

Horribly 'round his ears

Under the bridge and into your dreams he soars

While you lie alone in that idea-free sleep of yours

That you've been sleeping now for years

*And he wants you
He wants you
He is straight and he is true
Ooh hoo hoo*

*Beneath the hanging cliffs and under the many stars where
He will move, all amongst your tangled hair
And deep into the sea
And you will wake and walk and draw the blind
And feel some presence there behind
And turn to see what that may be
Oh, babe, it's me*

*And he wants you
He wants you
He is straight and he is true
Ooh hoo hoo*

—Cave, Nick (2003). *He Wants You Á Nocturama* (hljómplata).⁹⁸

⁹⁸ (Cave 2007, 351)

Heimildaskrá

Arnfríður Guðmundsdóttir, 2010: *Meeting God on the cross : Christ, the cross, and the feminist critique*. New York, Oxford University Press, Inc.

Baker, John H. (ritstjóri). (1980). *The Art of Nick Cave, New Critical Essays*. Bristol: Intellect Ltd.

Biblían, 2007. Reykjavík

Boer, Roland, 2012: *Nick Cave: A Study of love, death and apocalypse*. Sheffield, Equinox Publishing Ltd.

Calkin, Jessamy. "Let There Be Light." Í Snow, Matt (ritstjóri), 2011: *Nick Cave : Sinner Saint : The True Confessions* (bls. 109-116). London: Plexus.

Cave, Nick, 1993: *King Ink I*. London, Black Spring Press Ltd.

—. (1996, 21 október). *Letter to MTV*. Sótt 23. Janúar 2013 af http://www.nick-cave.com/index.php?option=com_content&task=view&id=372&Itemid=51

—, 1997: *King Ink II*. London, Black Spring Press, Ltd.

—. (1998a) Introduction by Nick Cave. Í *The gospel according to Mark / with an introduction by Nick Cave* (Kindle útgáfa) (staður 18-23). Edinburgh, Canongate.

—, 1998b: *the love song*. Vínarborg, schule für dichtung. Sótt 22 febrúar 2013 af <http://sfd.at/english/texts/lovesong.pdf>

—, 2007: *The Complete Lyrics 1978-2007*. London, Penguin Books Ltd.

Dougary, Ginny, 1999: „The New Romantic.“ Í Snow, Matt (ritstjóri), 2011: *Nick Cave : Sinner Saint : The True Confessions* (bls. 97-108). London: Plexus.

Hanson, Amy, 2005: *Kicking against the pricks : an armchair guide to Nick Cave*. London, Helter Skelter.

Hattenstone, Simon 2008. "Old Nick." Í Snow, Matt (ritstjóri), 2011: *Nick Cave : Sinner Saint : The True Confessions* (bls. 185-192). London: Plexus.

Hoskyns, Barney. "Old Saint Nick." Í Snow, Matt (ritstjóri), 2011: *Nick Cave : Sinner Saint : The True Confessions* (bls. 146-154). London: Plexus.

- Japinga, Lynn, 1999: *Feminism and Christianity - An Essential Guide*. Nashville, Abingdon Press.
- Johnston, Ian, 1996: *Bad Seed : The Biography of Nick Cave*. London, Abacus.
- Kruger, Debbie. "Nick Cave: The Songwriter Speaks." Í Snow, Matt (ritstjóri), 2011: *Nick Cave : Sinner Saint : The True Confessions* (bls. 128-145). London: Plexus.
- Lynch, Gordon, 2005: *Understanding theology and popular culture*. Oxford, Blackwell Publishing.
- McNair, James. "The Return of the Saint." Í Snow, Matt (ritstjóri), 2011: *Nick Cave : Sinner Saint : The True Confessions* (bls. 84-90). London: Plexus.
- Odell, Michael. "Acropolis Now!" 179-184 Í Snow, Matt (ritstjóri), 2011: *Nick Cave : Sinner Saint : The True Confessions* (bls. 179-184). London: Plexus.
- Powell, Archie. (framleiðandi og leikstjóri). (2003). *The South Bank Show: The Songwriting World of Nick Cave* [kvikmynd]. London: ITV Network Ltd.
- Sutcliffe, Phil. "Nick Cave: Raw and Uncut 1." Í Snow, Matt (ritstjóri), 2011: *Nick Cave : Sinner Saint : The True Confessions* (bls. 155-178). London: Plexus.
- . "Nick Cave: Raw and Uncut 2." Í Snow, Matt (ritstjóri), 2011: *Nick Cave : Sinner Saint : The True Confessions* (bls. 193-178). London: Plexus.
- Welberry, Karen og Dalziell, Tanya. (ritstjórar). (2009). *Cultural seeds : essays on the work of Nick Cave*. Surrey: Ashgate Publishing Ltd.